

Nr. 082 / 12 Steinunn SF 10**Leki í höfn**

Skipaskr.nr. 2449
Smíðaður: Kína 2001, stál
Stærð: 210 brl. 327 bt.
Mesta lengd: 28,62 m Skráð lengd: 26,04 m
Breidd: 9,17 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Caterpillar 340 kW, 2000
Fjöldi skipverja:



Steinunn©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. júlí 2012 var Steinunn SF 10 við bryggju á Hornafirði.

Viðgerðaraðilar höfðu verið að vinna við skipið og skilið eftir opið mannop á tanka sem náði niður í skutrými þess sem var við sjólinu. Þegar flæddi að strekktist á landfestum þannig að skipið fór að halla í stjórnborða og sjór að leka um lúguna í stýrisvélarýmið og þaðan inn á millipilfar. Við aukinn halla á skipinu fór einnig að leka inn um aðra lúgu sem einnig hafði verið opnuð.

Dælur skipsins höfðu ekki undan en það tókst að loka lúgunum og með aðstoð slökkviliðs var dælt úr rýmum. Skemmdir urðu á spili og rafmótórum í dælurými á millipilfari.

Við rannsókn kom fram:

- að viðgerðarmenn úr landi höfðu verið að vinna við dælurými á millipilfari og vegna misskilnings gleymdist að loka mannopinu áður en vinnu var hætt í skipinu fyrir helgarfrí.

Nefndarálit:

Orsök lekans var að mannop höfðu verið skilin eftir opin.